

Fundur 3

Skólaráð Þjórsárskóla

Fundur haldinn mánudaginn 27. apríl 2009 í Þjórsárskóla kl. 17:30.

Mættir eru: Ingibjörg María Guðmundsdóttir skólastjóri, Bolette Höeg Koch og Bente Hansen fulltrúar kennara, Bryndís Baldursdóttir fulltrúi starfsmanna, Leifur Stefánsson fulltrúi grenndarsamfélags og Ann Winter fulltrúi foreldra.

Birkir Þrastarson boðaði forföll og varamaður, Unnur Lís Schram, komst ekki.

Fulltrúar nemenda ákváðu að mæta ekki en sendu fundargerð sína um málin.

Þetta var gert:

1. Skóladagatal 2009-2010

Skólastjóri lagði fram skóladagatal fyrir næsta skólaár. Gert er ráð fyrir 180 nemendadögum.

Skólasetning verður mánudaginn 24. ágúst og skólaslit mánudaginn 31. maí 2010. Gert er ráð fyrir tveggja daga ferð í skóginn í Þjórsárdal, þema í september um réttir, í febrúar um þorra og í mars í tengslum við árhátíð, hátíð verður í tilefni af degi íslenskrar tungu, aðventunnar og litlu jólin á sínum stað. Kirkjur og vistheimilið á Blesastöðum verða heimsótt í desember, kennt fram að hádegi á öskudag og grímuball verði í skólanum. Gert er ráð fyrir skólabúðum að Reykjum í Hrótafirði í maí og ferð til Vestmannaeyja undir lokin. Skólaárið er tvær annir. Foreldraviðtöl verða í upphafi skólaársins í lok september og í lok janúar eftir haustönnina. Tveir starfsdagar kennara eru inni í vikulegri vinnuskyldu eftir álagi og verkefnum skólaársins.

Skólaráð samþykkir drög að skóladagatal fyrir skólaárið 2009-2010.

2. Skipulag næsta skólárs.

Næsta skólaár fer Eygló Josephsdóttir í leyfi frá störfum í eitt ár og Hafdís Hafsteinsdóttir fer í barneignaleyfi í 12 mánuði. Í þeirra stað kemur Sólrún Héðinsdóttir sem mun kenna á yngsta stigi og Katrín Briem sem verður tvo daga í viku hjá okkur og með myndmennt. Önnur kennsla dreifist á núverandi starfsmenn skólans því nokkrir bæta við sig starfshlutfalli. Rætt um breytingar á starfsáætlun skólans.

Skólaráð telur að tveir-þrjú langir nemendadagar til kl. 15 geti orðið nemendum erfiðir og geri kröfu um breyttar áherslur í heimanámi nemenda. Einnig að slíkt geri kröfu um hressingu fyrir nemendur eftir hádegismat, þar sem síðustu nemendur verða ekki komnir heim fyrr en um kl. 16. Skólaráð telur jákvætt að stundatöflur verði samræmdar að því marki að nemendur geti nýtt sér íþróttæfingar á Flúðum.

Fleira ekki gert, fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitiið kl. 18:26

Ingibjörg María Guðmundsdóttir

Leifur Stefánsson

Ann Winter

Bente Hansen

Bolette Höeg Koch

Bryndís Baldursdóttir